

Lúsin

Eins og foreldrar hafa orðið varir við hefur töluvert orðið vart við lús hjá okkur í haust. Það er afar mikilvægt að slaka ekki á og halda áfram að kempa reglulega og láta skólann vita ef upp koma tilfelli þannig að hægt sé að gera öðrum

foreldrum einnig viðvart og halda



Kæra skólasamfélag

Þá er október genginn í garð og skólastarfið gengur sinn vanagang. Að venju eru nokkrir kennslulausir dagar í október, þ.e. starfsdagur og vetrarleyfi. Starfsdagurinn 4. október var sem endranær nýttur til fræðslu og samráðs starfsmanna en þetta er líka annar af tveimur starfsdögum Hörðuheima á skólaárinu og því lokað þar þennan dag. Eins og þið hafið orðið vör við hefur verið ansi votviðrasamt undanfarið, haustlægðirnar ganga yfir hver af annarri. Við reynum að hafa útvíst í frímínútum ef mögulega hægt er vegna veðurs. Það er börnunum nauðsynlegt að komast aðeins út og hreyfa sig. Ég vil því minna á mikilvægi þess að börnin séu klædd miðað með tilliti til veðurs og ekki er verra að hafa auka fatnað í töskunum, sérstaklega hjá yngstu börnunum.

Skólastarfið gengur prýðilega fyrir sig og það er gaman að fylgjast með gróskumiklu starfi kennara og nemenda á öllum stigum skólans.

Bestu kveðjur úr skólanum

Þórunn Jónasdóttir skólastjóri

Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna veikindi eða forföll á skrifstofu skólans sem allra fyrst að morgni með símtali, veikindaskráningu í gegnum mentor.is eða í tölvupósti til ritara fyrir kl. 8:05. Athugið að einungis á að nýta forfallaskráningarmöguleikann á mentor.is ef um veikindi er að ræða.

Ef veikindi eða forföll vara lengur en einn dag skal tilkynna þau daglega.

Beiðni um leyfi nemenda skal berast frá foreldrum eða forráðamönnum. Umsjónar-kennarar afgreiða beiðni um leyfi í 1 eða 2 daga, en skólastjórnendur beiðni um lengra leyfi sem verður þá að vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofum eða heimasíðu skólans.

Foreldrar/forráðamenn eru minntir á að þeir sjá til þess að nemendur vinni það upp sem þeir kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla nr.91/2008.

http://www.horduvallaskoli.is/media/eydublod/beidni_um_leyfi_2016.pdf



ÚTIVISTAR- REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20**

*13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22*

1. maí til 1. september

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22**

*13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24*



www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkonu. Aldur miðast við fæðingarár.

Læsissáttmáli Heimila og skóla

Á heimasíðu Heimila og skóla er margt fróðlegt að finna en þar á meðal er læsissáttmáli sem er leiðarvísir og stuðningsefni fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar, umsjónarkennarar og aðrir geta nýtt sér sáttmálann til að koma af stað umræðum um læsi og hlutverk foreldra þegar kemur að námi og lestrarþjálfun barna en þarna er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar sem geta gagnast vel við lestrarþjálfunina. Sjá vefslóðina:

<http://www.heimiliogskoli.is/laessissattmali/>



Forfallaskráningar í mentor

Nú geta forráðamenn skráð forföll í einstökum kennslustundum í mentor. Við minnum hins vegar á að forfallaskráningar í mentor eru einungis vegna veikinda. Umsjónarkennarar veita leyfi í 1-2 daga en ef um lengri leyfi er að ræða þarf að fylla út eyðublað sem nálgast má hjá riturum eða á heimasíðu skólans. **Munum að allar fjarverur úr skóla koma niður á námi nemenda og því afar mikilvægt að þeim sé haldið í lágmarki eins og mögulega er unnt.**

Dagskrá Kúlunnar í október:

Munið foreldraröltið

Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans

<http://www.horduvallaskoli.is/is/foreldrar/foreldrarolt/>

Röltvaktir í október eru sem hér segir:

4.okt.19 8.BÓ

5.okt.19 8.BÖ

11.okt.19 7.G

12.okt.19 7.J

18.okt.19 Áhugasamir röltarar

19.okt.19 Áhugasamir röltarar

25.okt.19 7.T

26.okt.19 6.A

Ertu að taka til?

Við gleðjumst alltaf þegar foreldrar koma færandi hendi með hluti sem er orðið ofaukið á heimilunum. Það er t.d. alltaf þörf fyrir þúsluspil, kubba og hvers kyns leikföng í Frístund og á kennsluvæðgi yngstu nemendanna. Svo eru bækur og tímarit alltaf vel þegin á bókasafnið.

| | MÁN | ÞRI | MID | FIM | FÖS |
|-----------------------------------|------------------------|--|---|-------------------------------|---|
| | | 14:00-16:00 1 OPIÐ | 17-18:30 2 OPIÐ HÚS 19:30-22 OPIÐ HÚS & DAVÍÐ Í KÚLUNNI MÆTIR | 14:00-16:00 3 OPIÐ | 20:00-23:00 4 FELULEIKUR UM ALLAN SKÓLANN |
| 19:30-22 7 HEIMSÓKN Í DIMMU | 14:00-16:00 8 OPIÐ | 17-18:30 9 OPIÐ HÚS 19:30-22 SVALAKVÖLD | 14:00-16:00 10 OPIÐ | 11 | |
| 19:30-22 14 FORVARNARVIKA | 14:00-16:00 15 OPIÐ | 17-18:30 16 OPIÐ HÚS 19:30-22 FORVARNARVIKA | 14:00-16:00 17 OPIÐ | 20:00-23:00 18 PIZZAVEISLA | |
| 19:30-22 21 LAN-MÓT | 14:00-16:00 22 OPIÐ | 17-18:30 23 OPIÐ HÚS 19:30-22 KÖKUKÉPPNI | 14:00-16:00 24 OPIÐ | 25 | |
| 19:30-22 28 GETKÓ | 14:00-16:00 29 OPIÐ | 17-18:30 30 OPIÐ HÚS 19:30-22 GETKÓ | 14:00-16:00 31 OPIÐ | | |

| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös | Lau |
|-----|---|---|--|--|---|-----|
| 29. | 30. Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. | 1. Grænmetisbollur m/ brúnum hrísgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir. | 2. Ungversk gúlassúpa m/ grænmeti, nautagúllasi og grófu snittubrauði. Ávextir | 3. Ýsa í orly m/brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir og ávextir | 4. SKIPULAGSDAGUR FRÍSTUND LOKUÐ | 5. |
| 6. | 7. Gufusóðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. | 8. Nautahakk, linsur og heilhevitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir. | 9. Píta m/kjúklingi, grænmeti og pítusósu. Ávextir | 10. Heimalagaður ofn-bakaður fiskur í karrysósu m/brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávexir | 11. Grísasnitel (innralæri) m/kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávexir | 12. |
| 13. | 14. Langa í kóriander lime m/soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir | 15. Nautahakkabuff m/ piparosti, brúnni sósu, kartöflumús, rauðkáli og grænum baunum. Salatbar og ávextir | 16. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir. | 17. Ýsa í raspi m/soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir | 18. Kjúklingaborgari m/brauði, káli, gúrkum, tómötum, papriku og kartöflubátum. Ávextir | 19. |
| 20. | 21. HAUSTLEYFI FRÍSTUND LOKUÐ | 22. HAUSTLEYFI FRÍSTUND LOKUÐ | 23. Kínverskar núðlur m/ kjúklingi, eggjum og grænmeti. Ávextir. | 24. Fiskibollur m/brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir | 25. Lambagúllas í karrysósu m/brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir | 26. |
| 27. | 28. Léttsaltaður þorskur m/bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. | 29. Grænmetislasagna m/ grófu snittubrauði. Salatbar og ávextir. | 30. Skyr m/rjúmablandi og heilkornbrauði með áleggi. Ávextir | 31. Heimalagaður plokkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir. | 1. Úrbeinuð kjúklingalæri í tandoori kryddi m/brúnum hrísgrjónum. | |

Matseðillinn er birtur með fyrirvara um breytingar

Hnetulaus skóli!!!

Breytingar á mataráskrift

Við minnum á að ef um er að ræða breytingar á matar-áskrift nemenda þá þurfa tilkynningar um það að hafa borist í íbúagátt Kópavogs fyrir 20. hvers mánaðar. Breytingar taka svo gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

Niðurstöður lesfímiprófa

Niðurstöður lesfímiprófa sem lögð voru fyrir í september eru nú aðgengilegar á mentor.

Í prófunum var mældur lestrarhraði hjá nemendum í 2.-10. bekk. Nemendur í 1. bekk sitja hjá í septemberfyrirlögninni en taka þátt í hinum fyrirlögnum skólaársins sem eru í janúar og maí.